

15 ljósi um leið, að æskilegt væri, að fengnar væru skýrslur um, að hve miklu leyti sam-
9. jan. eining þessara tveggja embætta væri heppileg, og að sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem nú er laust, væri eigi veitt, fyr en alþingi hefði fengið færi á enn á ný að íhuga málið, þegar búið væri að fá skýrslur þær, sem nefndar voru. Auk þess hafið þjer tekid fram, að sameining þessara tveggja sýslumannsembætta mundi að yðar ætlan eigi vera allt of miklum erfiðleikum bundin, og samkvæmt því hafið þjer lagt það til, að sýslumannsembættið í Dalasýslu, sem sýslumaðurinn í Strandasýslu nú sem stendur hefur á hendi ásamt sínu eigin embætti, og sem enginn enn hefur sótt um, verði ekki veitt fyrst um sinn, og að yður verði veitt heimild til að heimta skýrslur, einkum frá hlutadeigandi sýslumanni og sýslunefndum, viðvíkjandi fullkominni sameiningu á sýslumannsembættunum í þessum tveimur sýslum í eitt embætti.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tilkynnt, til þóknarlegrar leiðbeiningar, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar, og býst jeg við, að þjer gjörð þóknalega ráðstöfun til, að afla nauðsynlegra upplýsinga, að því er snertir framkvæmd á sameiningu þessari.

16 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um
9. jan. byggingu eyðijarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði. — Með þóknalegu brjefi, 23. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta alþingi, um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði m. m., sem meðal aunars fer því fram, að allar þjóðjarðir þær í nefndu umboði, sem nú eru í eyði og ekki verða byggðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar duglegum mönnum til ábúðar næstu 5 ár landskuldarlaust, gegn því, að þeir svári venjulegum smjörleigum eptir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja og vinni að jarðabótum og húsabótum, eptir því sem um semur, og sömuleiðis, að allar jarðir þær, sem gjörðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skuli auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar — og hafið þjer lagt það til, að ráðgjafinn veiti samþykki til, að ráðstöfun sú, sem þannig er farið fram á, verði framkvæmd.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða, að tjá yður þjónustusamlega til þóknarlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg hjer með samþykki tillögu yðar og veiti yður heimild til að gjöra það, sem nauðsynlegt er, til framkvæmdar greindri ráðstöfun.

17 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.
12. jan. — Samkvæmt allraþegsamlegastri tillögu ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, 29. nóv. f. á., hefur hans hátign konunginum 10. p. m. þóknast allramildilegast að fallast á, að hálf Mýrarkot í Grímsneshreppi í Árnessýslu, eign Mosfellskirkju, megi afhendast ekkjunni Helgu Guðmundsdóttur í Vatnsholti, í jarðaskiptum fyrir eign hennar, þriðjung jarðarinnar Minna-Mosfells í sama hreppi, þannig að hin fyrnefnda jörð verði, að því er afgjaldsskyldu snertir, skoðuð framvegis sem bændaeign, en hin síðarnefnda jörð sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar.